

10. fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

10. fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 18. september 2019 kl. 20:00 í Hvítárdal. Nefndin mætti, Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson. Auk þeirra mættu Bjarni Valur Guðmundsson, Eiríkur Kristófersson, Steinar Halldórsson, Jón Bjarnason, Þorsteinn Loftsson, Unnsteinn Hermannsson og Ólafur Stefánsson. Aðaldagskrá fundarins var komandi eftirsafn

Dagskrá fundarins:

1. Eftirsafn:

- a. Tillaga að nýju fyrirkomulagi í eftirsafni. Eins og áður hefur komið fram eru smalar í eftirsafni tvöfalt fleiri en áður. Það verða níu ríðandi, sjö á fjórhjólum, einn á bíl og einn trúss.
- b. Farið verður af stað á fimmtudegi inn í Leppistungur. Þar gistir hópurinn fyrstu nóttina. Aðra nótt verður einnig gíst í Leppistungum og þriðju og síðustu nóttina í Svínárnesi.
- c. Fjórhjólamenn sjá um að smala Kerlingarfjöllin. Ef það dregst að smala fjöllin á föstudeginum fá þeir gistingu í fjöllunum.
 - i. Hugmynd um að redda bensíntank til að taka með innúr fyrir öll hjólin. Þægilegra fyrir hjólamenn að þurfa ekki að vera að sulla með brúsa og trektir.

2. Fyrri fjallferð:

- a. Farið yfir hvernig til tókst í fyrra safni. Allir sammála um að það hafi gengið vel.

Fundi slitið klukkan 21:45